



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 12. Febrúar 2024, fundur hófst kl 18:30.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Sverrir Einarsson formaður, Gunnar Már Þorðarson, Haraldur Pétursson, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Davíð Áskelsson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Jenny Elisabet Eriksson ritari og Pétur Örn Sverrisson varaformaður voru fjarverandi.

### 1. Erindi frá tveimur félagsmönnum

Farið var yfir erindi sem barst stjórn frá tveimur félagsmönnum Sprettis. Í framhaldi af því ákvað stjórn reglur um notkun viðrunarhófla og verður þær birtar á heimasíðu Sprettis innan skamms.

Það er ekki í valdi Sprettis að girða meðfram veginum (Flóttamannaleið) en sjálfsagt að kanna afstöðu Vegargerðarinnar eða bæjaryfirvalda í Garðabæ til málsins. Framkvæmdastjóri kannar það mál.

### 2. Félagsgjöld

Reikningar fyrir félöggjöld á næstu dögum. Rætt um þörf á að leggja til lagabreytingar í tengslum við dagsetningar félagsgjalda.

### 3. Styrktarmál

Rætt um styrktarmál deilda, stöðu auglýsinga og innheimtu á útistandandi reikningum. Einnig þarf að taka niður auglýsingar sem ekki verða endurnýjaðar og fara í að selja laus auglýsingapláss.

### 4. Húsmiðjuhöllin

Ákveðið að bjóða upp á að leigu á hálfri Húsmiðjuhöllinni í einu.

### 5. Reikningar v/snjómokstur

Reikningar fyrir snjómokstri verktaka þurfa að vera samþykktir af framkvæmdastjóra Sprettis áður en þeir eru sendir til Kópavogsbæ.

Rætt um að ganga frá skriflegum samningi við sveitarfélögin um snjómoksturinn til að tryggja þjónustuna og koma í veg fyrir ágreining um kostnað.

### 6. Uppgjör „Gusts“

Formaður hafði samband við Hermann um málið en ekki fékst niðurstaða. Formaður heldur áfram með málið og mikilvægt að þetta sé klárað sem fyrst.

### 7. Bókhaldsmál

Ákveðið að taka upp Milliinnheimtuferli fyrir ógreidda reikninga

### 8. Samræmd stigagjöf/úrskurðarnefnd milli hestamannafélaga á suðvesturhorninu

Fyrsti fundur félagana var haldin og búið er að senda út fundargerð frá þeim fundi.

Framkvæmdastjóri Sprettis hefur óskað eftir framhaldsfundi og mun fylgja því eftir. Þetta

þyrfti að klárast sem allra fyrst.

9. **Bréf frá Æskulýðsnefnd**

Farið var yfir erindi sem barst frá Æskulýðsnefnd. Hið besta mál að Pollannámskeið verði frítt líkt og í fyrra. Ritara farið að svara erindinu og bjóða æskulýðsnefnd á fund til að ræða erindið frekar.

10. **Félagshesthús (Fjölnotakennslu og félagsaðstaða)**

Málið þokast áfram og hafa nokkrir aðilar sýnt þessu áhuga og geta hugsað sér samstarf um reksturinn.

Gunnar Már lagði til að hætt verði við núverandi hugmyndir um félagshesthús og taka upp þráðinn aftur með viðræður um upphitunarhöll og 35 hesta félagshesthús sem sveitarfélögun viðruðu að koma að í kjölfar höfnunar á styrkumsóknum vegna Landsmóts.

Fundi slitið kl. 20:20.

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson